

# Nova Klúbburinn kynnir uppgjör þriðja ársfjórðungs 2025



## Góð afkoma og mikil tækifæri til vaxtar

Rekstur Nova skilaði góðri afkomu á þriðja ársfjórðungi ársins. Heildartekjur voru um 3,5 milljarðar og jukust um 3,7% milli ára, þjónustutekjur námu 2,8 milljörðum og hækkuðu um 1,8%. EBITDA var 1,1 milljarður og lækkaði um 7,4%, EBITDA hlutfallið var 31,6%. Hagnaður fjórðungsins var 228 milljónir og lækkaði um 29,3% milli ára.

### Helstu niðurstöður á þriðja ársfjórðungi:

- Heildartekjur voru 3.514 m.kr. og vaxa um 3,7% á milli ára
- Þjónustutekjur námu samtals 2.761 m.kr. og vaxa um 1,8% á milli ára.
- EBITDA nam 1.109 m.kr. og lækkar um 7,4% á milli ára. EBITDA hlutfallið var 31,6% á fjórðungnum samanborið við 35,4% á fyrra ári.
- Hrein fjármagnsgjöld á fjórðungnum nema 232 m.kr. og lækka um 0,9% milli ára.
- Hagnaður fjórðungsins eftir skatta var 228 m.kr. og lækkar um 29,3% milli ára.
- Handbært fé frá rekstri á tímabilinu er 889 m.kr.
- Eiginfjárhluftfall var 39,9% í lok tímabilsins og eigið fé nam samtals 9.507 m.kr.

### Sylvía Kristín Ólafsdóttir, forstjóri Nova

„Það gleður mig að sjá áframhaldandi styrk í rekstrinum og tekjuvöxt á öllum lykilsviðum, þar á meðal í vörusölu. Grunnurinn er mjög sterkur og hagnaður í góðu jafnvægi, en lækkar sannarlega samanborið við methagnað á þriðja ársfjórðungi í fyrra. Grunnrekstur Nova er stöðugur og arðbær, og tekist hefur að viðhalda vexti og styrk á sama tíma og við fjárfestum í innviðum og nýjum tækifærum. Þetta sýnir klárt tækifæri til vaxtar inn í framtíðina.

Fjarskiptakerfi Nova eru sem fyrr í fararbroddi og við höldum áfram uppbyggingu innviða, sem leggur traustan grunn að áframhaldandi vexti. Nova hefur fyrst íslenskra fjarskiptafélaga innleitt 5G StandAlone (SA) fjarskiptakjarna sem styður við tækniforskot félagsins, auk þess sem þjónustusvæði 5G verður stækkað töluvert á næstu misserum á hagkvæman hátt með samnýtingu fjarskiptatíðna. Við sjáum aukinn áhuga og tekjuvöxt á þessu sviði. Við höfum einnig tryggt okkur betra útlandasamband yfir alla sæstrengi, sem er svar við ört vaxandi eftirspurn í gagnaverum og meðal fyrirtækja sem nýta háhraða- og skjálalausnir.

Það er líka ánægjulegt að segja frá því að Nova og Sýn hafa í dag undirritað samstarfssamning og hluthafasamning sem kveða á um framsal 4G- og 5G-dreifikerfa félaganna til Sendafélagsins, í þeim tilgangi að ná fram enn meiri hagræðingu í rekstri og auka fjárfestingargetu.

Nova hefur einnig í samstarfi við Starlink hafið tilraunir með nýrri tækni sem tryggir örugga og stöðuga nettengingu farsímasenda á svæðum þar sem ekki er til staðar ljósleiðari. Tækifærin til að bæta fjarskiptasamband í dreifbýli og á afskekktum stöðum eru mikil. Með þessu verkefni sýnir Nova samfélagslega ábyrgð í verki – en markmiðið er að tryggja jafnan aðgang landsmanna að traustu fjarskiptaneti. Nova hefur einnig byggt upp og tekið í notkun nýtt innanhúss farsímadreifikerfi í Flugstöð Leifs Eiríkssonar sem tryggir viðskiptavinum félagsins háhraða 5G samband, hvort sem það er starfsfólk á einum stærsta vinnustað landsins eða ferðamenn á leið um stöðina.

Á sama tíma viljum við tryggja að viðskiptavinir okkar séu alltaf með gott aðgengi að besta netinu og bjóðum nú upp á að auka hraðann á neti úr 1Gb á sek í 2,5Gb á sek á besta dílum með einföldum hætti í sjálfsafgreiðslu. Nú bætast einnig við löndin Bandaríkin og Sviss í hópinn þar sem viðskiptavinir Nova fá mest fyrir peninginn eða tvöfalt meira gagnamagn á lægra verði. Við sjáum einnig ánægju og árangur af því að bjóða okkar viðskiptavinum 50% afslátt af innlendum streymisveitum fyrr í haust. Þá hefur Nova kynnt til leiks nýja þjónustu í Nova appinu sem ber nafnið „Hittingur“ og tengir saman fríðindaklúbbinn og samfélagið á skemmtilegan hátt. Þar geta viðskiptavinir skipulagt samverustundir með vinum í kringum 2F1 tilboðin okkar á einfaldan máta, því að við trúum að tækni eigi að efla tengsl og vellíðan, í stað þess að einangra.

Það er sömuleiðis mikill heiður að segja frá því að Nova fékk viðurkenningu Jafnvægisvogarinnar sem staðfestir að Nova hefur byggt sterka menningu sem hvetur til jafnræðis, fjölbreytileika og virðingar. Við trúum því að blanda af ólíkri reynslu, þar sem fólk skorar á hvert annað með ólíkum sjónarhornum, hefur gaman og fær tækifæri til að nýta hæfileika sína, sé ein helsta ástæða þess að Nova er með besta liðið.


Trastur rekstur, áframhaldandi uppbygging innviðanna okkar, sem þegar eru í fararbroddi, og áframhaldandi áherslur á enn betri þjónustu við viðskiptavinina, sem alltaf eru miðpunkturinn í öllu sem við gerum, gefa frábæran tón inn í næstu misseri og mikilvæg tækifæri til að vaxa enn meir.

## Lykiltölur á fjórðungnum:


|                        | 3F 2025 | 3F 2024 | Breyting | %     |
|------------------------|---------|---------|----------|-------|
| FlakkNet               | 1.705   | 1.698   | 7        | 0,4%  |
| FastNet                | 1.056   | 1.015   | 41       | 4,1%  |
| Vörusala               | 495     | 410     | 86       | 20,9% |
| Aðrar tekjur           | 257     | 266     | -9       | -3,3% |
| Heildar rekstrartekjur | 3.514   | 3.388   | 126      | 3,7%  |

|                        | 9M 2025 | 9M 2024 | Breyting | %     |
|------------------------|---------|---------|----------|-------|
| FlakkNet               | 4.997   | 4.824   | 172      | 3,6%  |
| FastNet                | 3.133   | 2.892   | 242      | 8,4%  |
| Vörusala               | 1.350   | 1.265   | 85       | 6,7%  |
| Aðrar tekjur           | 786     | 833     | -46      | -5,6% |
| Heildar rekstrartekjur | 10.266  | 9.814   | 452      | 4,6%  |


### Heildartekjur




### FastNet




### FlakkNet




### Vörusala




### Aðrar tekjur




- Góður vöxtur í tekjum af FastNeti skýrist helst vegna fjölgunar viðskiptavina sem og aukningar í tekjum af Sérlausnum.
- Hár vöxtur í tekjum af Vörusölu skýrist af almennri söluaukningu í flestum vöruflokkum þar sem símtækin eru stærsti einstaki flokkurinn.
- Launa og launatengd gjöld hækka um 19%. Það skýrist helst af fjölgun um 6 stöðugliti milli ára, en einnig eru hærri gjaldfærslur á orlofskuldabindingu sem og almennar launahækkningar.
- Annar rekstrarkostnaður hækkar um 33% milli ára sem skýrist m.a. af almennum verðlagshækkunum og auknum umsvifum en einnig er hluti kostnaðarliða að gjaldfærast fyrr á þessu ári í samamburði við fyrra ár, leiðrétt fyrir því væri hækkunin um 20% milli ára.
- Fjárfestingar í rekstrarfjármunum og óefnislegum eignum eru 48 m.kr. hærri milli ára, það er í línu við heildaráætlun ársins sem gerir ráð fyrir að fjárfestingar verði á bilinu 11%-12% af heildartekjum.





### Hagnaður ímabilsins



### Nettó vaxtab. skuldir, leiguskuldb. og aðrar skuldir/12m EBITDA



### Handbært fé frá rekstri



## Lykiltölur á fjórðungnum:

| Rekstur                                            | F3<br>2025   | F2<br>2025   | F1<br>2025   | F4<br>2024   | F3<br>2024   | Breyting milli ára |               | Samtals        |
|----------------------------------------------------|--------------|--------------|--------------|--------------|--------------|--------------------|---------------|----------------|
|                                                    |              |              |              |              |              | Fjárhæð            | %             | LTM            |
| FlakkNet tekjur .....                              | 1.705        | 1.668        | 1.623        | 1.637        | 1.698        | 7                  | 0,4%          | 6.633          |
| FastNet tekjur .....                               | 1.056        | 1.049        | 1.028        | 1.005        | 1.015        | 41                 | 4,1%          | 4.138          |
| Vörusölutekjur .....                               | 495          | 444          | 410          | 586          | 410          | 86                 | 20,9%         | 1.936          |
| Aðrar sölutekjur .....                             | 232          | 235          | 237          | 244          | 239          | (7)                | -2,9%         | 949            |
| Aðrar rekstrartekjur .....                         | 25           | 32           | 25           | 29           | 26           | (2)                | -6,1%         | 110            |
| <b>Rekstrartekjur</b>                              | <b>3.514</b> | <b>3.428</b> | <b>3.324</b> | <b>3.501</b> | <b>3.388</b> | <b>126</b>         | <b>3,7%</b>   | <b>13.767</b>  |
| Kostnaðarverð seldra vara .....                    | 1.607        | 1.528        | 1.485        | 1.595        | 1.546        | 62                 | 4,0%          | 6.215          |
| Laun og launatengd gjöld .....                     | 516          | 549          | 549          | 563          | 434          | 83                 | 19,0%         | 2.178          |
| Annar kostnaður .....                              | 281          | 297          | 301          | 278          | 211          | 70                 | 33,3%         | 1.157          |
| <b>Rekstrarkostnaður</b>                           | <b>2.404</b> | <b>2.374</b> | <b>2.335</b> | <b>2.436</b> | <b>2.190</b> | <b>214</b>         | <b>9,8%</b>   | <b>9.549</b>   |
| <b>Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, EBITDA</b>   | <b>1.109</b> | <b>1.054</b> | <b>989</b>   | <b>1.065</b> | <b>1.198</b> | <b>(89)</b>        | <b>-7,4%</b>  | <b>4.217</b>   |
| Afskriftir rekstrarfjármuna .....                  | (408)        | (410)        | (390)        | (392)        | (378)        | (30)               | 7,9%          | (1.600)        |
| Afskriftir óefnislegra eigna .....                 | (102)        | (114)        | (114)        | (133)        | (82)         | (20)               | 24,6%         | (463)          |
| Afskriftir nýtingaréttar .....                     | (83)         | (83)         | (79)         | (107)        | (73)         | (9)                | 12,9%         | (352)          |
| <b>Afskriftir</b>                                  | <b>(593)</b> | <b>(608)</b> | <b>(583)</b> | <b>(632)</b> | <b>(534)</b> | <b>(60)</b>        | <b>11,2%</b>  | <b>(2.415)</b> |
| <b>Rekstrarhagnaður, EBIT</b>                      | <b>516</b>   | <b>447</b>   | <b>407</b>   | <b>433</b>   | <b>665</b>   | <b>(148)</b>       | <b>-22,3%</b> | <b>1.802</b>   |
| Vaxtagjöld af vaxtaberandi langtímalánum .....     | (43)         | (46)         | (49)         | (56)         | (58)         | 14                 | -24,6%        | (194)          |
| Vaxtagjöld af leiguskuldbindingum .....            | (116)        | (131)        | (124)        | (129)        | (112)        | (4)                | 3,2%          | (500)          |
| Vaxtagjöld af öðrum langtímaskuldum .....          | (21)         | (20)         | (21)         | (19)         | (19)         | (2)                | 8,1%          | (81)           |
| Verðbætur af öðrum langtímaskuldum .....           | (43)         | (69)         | (7)          | (4)          | (47)         | 4                  | -7,8%         | (123)          |
| Aðrar fjármagnstekjur og gjöld .....               | (9)          | 10           | 1            | 63           | 2            | (11)               | -658,0%       | 65             |
| <b>Fjármagnstekjur og gjöld</b>                    | <b>(232)</b> | <b>(255)</b> | <b>(200)</b> | <b>(145)</b> | <b>(234)</b> | <b>2</b>           | <b>-0,9%</b>  | <b>(832)</b>   |
| Áhrif hluteildarféлага .....                       | 0            | (3)          | 0            | 0            | 0            | 0                  | 100,0%        | (3)            |
| <b>Hagnaður fyrir tekjuskatt</b>                   | <b>284</b>   | <b>189</b>   | <b>206</b>   | <b>288</b>   | <b>431</b>   | <b>(146)</b>       | <b>-33,9%</b> | <b>970</b>     |
| Tekjuskattur .....                                 | (57)         | (39)         | (39)         | (44)         | (108)        | 52                 | -47,8%        | (179)          |
| <b>Hagnaður tímabilsins og heildarafkoma</b>       | <b>228</b>   | <b>149</b>   | <b>167</b>   | <b>244</b>   | <b>322</b>   | <b>(94)</b>        | <b>-29,3%</b> | <b>791</b>     |
| Afborganir og vaxtaþáttur leiguskuldbindinga ..... | (174)        | (191)        | (188)        | (215)        | (170)        | (4)                | 2,4%          | (768)          |
| <b>EBITDAaL (EBITDA fyrir IFRS16)</b>              | <b>936</b>   | <b>863</b>   | <b>801</b>   | <b>850</b>   | <b>1.028</b> | <b>(93)</b>        | <b>-9,0%</b>  | <b>3.449</b>   |
| <b>Kennitölur í rekstrarreikning</b>               |              |              |              |              |              |                    |               |                |
| EBITDA hlutfall .....                              | 31,57%       | 30,75%       | 29,76%       | 30,41%       | 35,36%       | -3,79%             | -10,7%        | 30,63%         |
| EBITDAaL hlutfall .....                            | 26,63%       | 25,16%       | 24,09%       | 24,28%       | 30,36%       | -3,73%             | -12,3%        | 25,05%         |
| EBIT hlutfall .....                                | 14,69%       | 13,03%       | 12,23%       | 12,36%       | 19,61%       | -4,92%             | -25,1%        | 13,09%         |
| Hagnaður á hlut .....                              | 0,064        | 0,042        | 0,047        | 0,067        | 0,088        | ( 0,024)           | -27,1%        | 0,220          |

| Efnahagur                                        | 30.9.2025     | 31.12.2024    | Sjóðstreymi                                        | F3<br>2025    | F3<br>2024    |
|--------------------------------------------------|---------------|---------------|----------------------------------------------------|---------------|---------------|
| Viðskiptavild .....                              | 10.136        | 10.136        | <b>Veltufé frá rekstri</b>                         | <b>1.109</b>  | <b>1.198</b>  |
| Óefnislegar eignir .....                         | 1.324         | 1.426         | Breytingar á rekstrart. eignum og skuldum .....    | 38            | 180           |
| Rekstrarfjármunir .....                          | 1.369         | 3.939         | Greidd vaxtagjöld .....                            | (-189)        | (-184)        |
| Leigueignir .....                                | 4.654         | 4.654         | Greiddir skattar .....                             | (-70)         | (-59)         |
| Eignahlutir í hluteildarfélagum .....            | 350           | 3             | <b>Handbært fé frá rekstri</b>                     | <b>889</b>    | <b>1.135</b>  |
| Tekjuskattsinnæign .....                         | 540           | 551           | Keyptir rekstrarfjármunir .....                    | (-298)        | (-290)        |
| <b>Fastfjármunir samtals</b>                     | <b>18.373</b> | <b>20.708</b> | Keyptar óefnislegar eignir .....                   | (-83)         | (-43)         |
| Birgðir .....                                    | 401           | 410           | Fjárfesting í hluteildarfélagi .....               | 0             | 0             |
| Viðskiptakröfur .....                            | 1.208         | 1.174         | <b>Fjárfestingahreyfingar</b>                      | <b>(-381)</b> | <b>(-333)</b> |
| Aðrar skammtímakröfur .....                      | 580           | 494           | Arður til hluthafa .....                           | 0             | 0             |
| Eignir flokkaðar til sölu .....                  | 2.374         | 0             | Keypt eign bréf .....                              | (-177)        | (-131)        |
| Handbært fé .....                                | 865           | 1.031         | Afborgun leiguskuldbindinga .....                  | (-58)         | (-57)         |
| <b>Veltufjármunir samtals</b>                    | <b>5.429</b>  | <b>3.109</b>  | Afborganir annarra langtímaskuldb. ....            | (-15)         | (-13)         |
| <b>Eignir samtals</b>                            | <b>23.802</b> | <b>23.818</b> | Afborganir langtímalána .....                      | (-26)         | (-26)         |
| <b>Eigið fé samtals</b>                          | <b>9.507</b>  | <b>9.664</b>  | <b>Fjármögnunarahreyfingar</b>                     | <b>(-276)</b> | <b>(-228)</b> |
| Vaxtaberandi langtímaskuldir .....               | 1.811         | 1.890         | Hækkun (lækkun) á handbæru fé .....                | 233           | 574           |
| Leiguskuldbindingar .....                        | 6.739         | 6.691         | Áhrif gengisbreytinga á handbært fé .....          | (-1)          | 1             |
| Aðrar skuldir .....                              | 3.124         | 3.057         | Handbært fé í upphafi tímabils .....               | 633           | 273           |
| <b>Langtímaskuldir samtals</b>                   | <b>11.675</b> | <b>11.637</b> | <b>Handbært fé í lok tímabilsins</b>               | <b>865</b>    | <b>848</b>    |
| Næsta árs afb. langtímask. ....                  | 105           | 105           |                                                    |               |               |
| Viðskiptaskuldir .....                           | 866           | 795           |                                                    |               |               |
| Ógreiddir skattar .....                          | 126           | 291           |                                                    |               |               |
| Næsta árs afb. leiguskuldb. og annarra skulda .. | 333           | 313           |                                                    |               |               |
| Aðrar skammtímaskuldir .....                     | 1.190         | 1.012         |                                                    |               |               |
| <b>Skammtímaskuldir samtals</b>                  | <b>2.620</b>  | <b>2.517</b>  |                                                    |               |               |
| <b>Skuldir samtals</b>                           | <b>14.295</b> | <b>14.154</b> |                                                    |               |               |
| <b>Kennitölur í efnahagsreikning</b>             |               |               |                                                    |               |               |
| Eiginfjárlutfall .....                           | 39,94%        | 40,57%        | <b>Kennitölur í sjóðstreymi</b>                    |               |               |
| Veltufjárlutfall .....                           | 2,072         | 1,235         | Veltufé að frádregnum fjárfestingum (FCF) .....    | <b>729</b>    | <b>865</b>    |
|                                                  |               |               | Handbært fé að frádregnum fjárfestingum (FCFF) ... | <b>509</b>    | <b>803</b>    |
|                                                  |               |               | FCFF a.t.t. afborgana leiguskb. FCFFaL .....       | <b>451</b>    | <b>745</b>    |

Allar tölur í mkr.

## Horfur fyrir árið 2025

Félagið heldur óbreyttum tekjuhorfum og gerir ráð fyrir að heildartekjur ársins verði á bilinu 13.700 m.kr. til 14.000 m.kr., en lækkar efri mörk horfa fyrir EBITDA og áætlað að EBITDA verði á bilinu 4.000 m.kr. til 4.200 m.kr. Horfur um heildarfjárfestingar eru óbreyttar, á bilinu 11%-12% af heildartekjum.

## Þjónusta við hluthafa og fjárfesta

Á fjárfestavef Nova Klúbbsins <https://www.nova.is/fjarfestar> geta hluthafar og fjárfestar nálgast ítarlegri upplýsingar um bisnessinn hjá Nova Klúbbum í sögulegu samhengi.

Fjárfestar og hluthafar geta skráð sig í aðdáendaklúbbinn og þannig fengið fjárfestafréttir með öllum nýjustu fréttum, upplýsingum um reksturinn, uppgjör og viðburði sendar beint á netfangið sitt.

## Fjárhagsdagatal 2025

|                 |                  |
|-----------------|------------------|
| Ársuppgjör 2025 | 26. febrúar 2026 |
| Aðalfundur 2026 | 26. mars 2026    |

## Nova

Nova var stofnað árið 2006 og er nú orðið eitt af stærstu og öflugustu fjarskiptafyrirtækjum landsins. Fyrirtækið á og rekur sína eigin virku innviði vítt og breitt um landið. Í Nova liðinu eru um 160 starfsmenn á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og Selfossi. Nova hefur frá upphafi verið í farabroddi í innleiðingu nýjustu tækni og hefur fjárfest markvisst í uppbyggingu virkra innviða í sinni eigu sem mun tryggja Nova áframhaldandi forystu á fjarskiptamarkaði. Farsíma- og netkerfi Nova nær til 98% landsmanna.

## Nánari upplýsingar

Sylvía Kristín Ólafsdóttir, forstjóri, [sylvia@nova.is](mailto:sylvia@nova.is), s. 855 1155  
Þórhallur Jóhannsson, fjármálastjóri, [thorhallurj@nova.is](mailto:thorhallurj@nova.is), s. 770 1090

## Tekjuflokkar

### FlakkNet

Tekjur af þjónustu sem nýtir fjarskiptasenda. Þar með talið tekjur fyrir gagnanotkun gegnum farsíma og netbúnað. Einnig reikitekjur, samtengitekjur og aðrar tengdar tekjur.

### FastNet

Tekjur af þjónustu sem nýtir fastnet. Þar með talið tekjur fyrir ljósleiðaratengingar og aðrar gagnatengingar yfir fastnet. Einnig aðgangsgjald, leiga á búnaði og aðrar tengdar tekjur.

### Vörusala

Tekjur af sölu á símtækjum, netbúnaði, aukahlutum og öðrum búnaði.

### Aðrartekjur

Tekjur af annarri fjarskiptatengdri starfsemi sem fellur ekki undir ofangreinda flokka, svo sem fastínubjónusta, samrekstur, endursala á þjónustu o.fl. Auk annarra rekstrartekna.